



Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14  
105 REYKJAVÍK

***Sundkennsla fyrir eldri borgara - tilv. R19100351***

Á fundi borgarráðs 17. október 2019 var lögð fram eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að menningar- íþróttá- og tómstundaráð standi fyrir sundkennslu fyrir eldri borgara í fleiri borgarhlutum en miðbænum. ÍTR stendur fyrir námskeiðum í sundkennslu í Sundhöll Reykjavíkur klukkan 7:30 á föstudögum. Mikill fjöldi aldraðra býr langt frá Sundhöll Reykjavíkur, í hverfum eins og Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi. Í öllum þessum hverfum búa stórir hópar aldraðra og einnig eru þar sundlaugar. Engu að síður fer sundkennsla aðeins fram í Sundhöll Reykjavíkur. Þetta er bagalegt. Mikilvægt er að gera á þessu breytingar og bjóða upp á sundkennslu fyrir aldraða víðar í Reykjavík. Margir eldri borgarar kvíða einnig akstri inn í miðbæ borgarinnar vegna umferðarálags, slæms aðgengis m.a. vegna byggingaframkvæmda og erfiðleika við að finna aðgengileg bílastæði.

Tillögunni var vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.

Ekki hafa komið fram óskir um sundkennslu fyrir eldri borgara í öðrum laugum. ÍTR mun láta kanna óskir eldri borgara í laugum og meta í framhaldi af því hvort hægt sé að koma við slíkum námskeiðum.

Við Breiðholtslaug, Árbæjarlaug og Grafarvogslaug eru litlar innilaugar, sem ekki henta vel fyrir kennslu fyrir fullorðna. Þessar laugar eru mikið notaðar fyrir skólakennslu á veturna. Laugardalslaug gæti hentað fyrir sundkennslu eldri borgara, en er mikið notuð fyrir skólasundkennslu.

Þá má benda á að í öllum laugum fer fram sundleikfimi í útilaugum borgarinnar og er nú boðið uppá 18 tíma á viku sbr. fsk.

  
Ómar Einarsson.

# Sundleikfimi í boði ÍTR

Veturinn 2019-2020




## Árbæjarlaug

Þriðjudagar 08:30 inni  
Þriðjudagar 09:30 úti  
Fimmtudagar 08:30 inni  
Fimmtudagar 09:30 úti



## Breiðholti-laug

Mánudagar 09:50 úti  
Miðvikudagar 09:50 úti




## Grafarvogslaug

Þriðjudagar 13:40 inni  
Föstudagar 09:00 inni




## Laugardalslaug

Mánudagar 08:55  
Þriðjudagar 09:50  
Miðvikudagar 08:55  
Fimmtudagar 09:50



## Sundhöll

Mánudagar 08:00 inni  
Þriðjudagar 08:00 inni  
Miðvikudagar 08:00 inni  
Fimmtudagar 08:00 inni



## Vesturbæjarlaug

Þriðjudagar kl. 10:45 úti  
Fimmtudagar kl. 10:45 úti

## Sundkennsla

Föstudagar 07:30 inni

*Auk þess er boðið upp á leikfimi í sal í Víkingsheimilinu á mánudögum og miðvikudögum kl. 10:45*

*Leiðbeinendur: Brynjólfur Björnsson s:699-2998 ([brynjolfurb@gmail.com](mailto:brynjolfurb@gmail.com)) og Sandra Rán Garðarsdóttir ([sandrarana@gmail.com](mailto:sandrarana@gmail.com))*

